Tillögur frá 30. aðalfundi LS

Grásleppumál

1. Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggi til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á válista.

2. Aðalfundur LS leggur til að ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og grásleppunefndar og taki mið af markaðsaðstæðum.

3. Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum tilburðum Hafrannsóknastofnunar við stjórnun grásleppuveiða á grundvelli niðurstaðna úr togararalli. Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af tillögum grásleppuveiðimanna um lengd veiðitíma sem bæði er byggð á mati þeirra um stærð stofnsins og markaðsaðstæðum.

4. Aðalfundur LS telur brýnt að LS haldi áfram þeirri vinnu sem hafin er til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátaeigenda um sölu.

5. Aðalfundur LS leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

6. Aðalfundur LS leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði **E** að því gefnu að verð liggi fyrir.

7. Aðalfundur LS leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á grásleppunetum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð
Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

9. Grásleppunefnd LS 2014 – 2015

Frá Austurlandi
Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra.
til vara: Birgir Ingvarsson, Bakkafirði.

Frá Kletti
Ólafur Sigurðsson, Árskógssandi.
til vara: Einar Þorsteinn Pálsson, Árskógssandi.

Frá Eldingu
Bæring Gunnarsson, Bolungarvík.
til vara: Hafþór Jónsson, Patreksfirði.

Frá Reykjanesi
Klemens Einarsson, Keflavík.
til vara: Haukur Einarsson, Reykjavík.

Frá Reykjavík
Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði.
til vara: Rögnvaldur Einarsson, Akranesi.

Frá Snæfelli
Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.
Varamaður Ásmundur Guðmundsson, Stykkishólmi.

Frá Skalla
Hilmar Zophoníasson, Siglufirði.
til vara: Guðmundur R Guðmundsson, Drangsnesi.